

Dags eftirlits	28.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit og vörðuðu 1) ófullnægjandi skráningar en ekki lágu fyrir niðurstöður skráninga hauggass í ársyfirliti 2) ammóníum og nítrít mældist yfir umhverfismörkum í grunnvatnsbrunni neðan urðunarstaðar, 3) rekstraraðili skilaði ekki ársyfirliti til Umhverfis- og orkustofnunar innan tilskilins tímafrests og 4) á það við einnig við um skil á umhverfisupplýsingum.

Búið er að loka öllum frávikum nema því er varðar niðurstöður úr sýnatökum vegna grunnvatns.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsskoðun á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholt í samræmi við 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Útgáfudagur starfsleyfis var þann 23. desember 2022 og er gildistími þess til 23. desember 2038 og varðar urðun almenns úrgangs, magn allt að 25.000 tonn á ári.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Yfirferð starfsleyfis
3. Eftirlitsmælingar og skráningar
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Kynning á meðfylgjandi gögnum
7. Önnur mál
8. Skoðunarferð á urðunarstað

1. Engin frávik voru útistandandi þegar eftirlit fór fram. Við eftirlit var frágangur að nýrri urðunarrein í Fíflholtum lokið (rein 5), en rekstraraðili er langt kominn með að fullnýta eldri urðunarrein (rein 4). Nýrst á eldri urðunarreininni var verið að setja upp viðbót við gassöfnunarkerfið og hefur rekstraraðili skilað af sér verkefnalýsingum vegna viðhalds, m.a. á kyndli og rúmmálmælingum fyrir urðunarhólf. Rekstraraðili hefur hafið fulla notkun á náttúrulegu hreinsikerfi fyrir sigvatn sem nýtt er sem viðbótarhreinsun áður en sigvatni er hleypt út í mýrina sunnan megin við urðunarstaðinn. Þann 30. maí 2025 fór fram minniháttar breyting á vöktunaráætlun urðunarstaðar, nánar til tekið á vöktun sigvatns til frekari samræmingar við III. viðauka rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

2. Farið var yfir skráningar og var í eftirliti bent á að ekki voru til staðar í ársyfirliti skráningar á niðurstöðum vöktunarmælinga vegna magns og samsetningu hauggass sem framkvæma á mánaðarlega og samsetningu hauggass sem skrá þarf fjórum sinnum á ári. Var þeim upplýsingum skilað af rekstraraðila, eftir eftirlit í tölvupósti þann. 18. september.

3. Í mælingu ársins 2023, neðan urðunarstaðar, er ammóníum að mælast yfir viðmiðunarmörkum (mælt = 5,75 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) og nítrít (mælt = 2,53 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) í grunnvatnsbrunni neðan svæðis, séu þau borin saman við kafla 2.3.4 um viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni og mengunarvísa í III viðauka í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og er það frávik. Rætt var um í eftirliti að mögulega væri útskýring á þessari hækkun, en verður að styðjast við nýjar mælingar til að fá úr því skorið.

4. Fjallað var um áætlanir vegna rekstrarstöðvunar, tímabunda og ótímabundna sem og um viðbragðsáætlanir vegna óhappa og mengunarslysa. Var rekstraraðila bent á að gott væri að fara yfir þær reglulega og uppfæra eftir þörfum. Eftir eftirlit lagði rekstraraðili fram afrit af ábyrgðartryggingu fyrir bráðamengun sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004

um varnir gegn mengun hafs og stranda.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt, unnið er þó að endurskoðun á áhættumati stofnunarinnar og gæti því niðurstaðan breyst.

6. Fjallað var um breytingu á rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025, og ber hún nú nafnið reglugerð um umhverfisupplýsingar. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er á sama tíma felld úr gildi. Rekstraraðili er meðvitaður um þær breytingar. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlita frá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.

7. Rekstraraðili hóf af eigin frumkvæði sýnatökur og greiningar á PFAS efnun í sigvatni. Niðurstöður mælinga ársins 2024 voru birtar í viðauka við Umhverfisupplýsingar frá rekstraraðila. Niðurstöðurnar voru rýndar af rekstraraðila og bornar saman við hámarksgildi fyrir PFAS í drykkjarvatni skv. drykkjarvatnstilskipun Evrópusambandsins. Niðurstöðurnar benda til þess PFAS skili sér hins vegar að einhverju leyti út í sigvatn og sýnir þó einnig fram á að hreinsun í hreinsivirki skili markvisst árangri en þó mælast efnin í sigvatni engu að síður eftir hreinsun. Stofnunin hefur þessar niðurstöður til skoðunar.

8. Farið var í vettvangsferð um urðunarstað, mikil jarðvinna stóð yfir vegna frágangs gassöfnunarkerfis. Ekki voru tilefni til athugasemda varðandi aðkomu, frágang eða ásýnd urðunarstaðar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 5.1 í starfsleyfi:

Vantaði inn skráningar á niðurstöðum vöktunar á hauggass. Eftir eftirlit, þann 18. september skilaði rekstraraðili inn niðurstöðum sem upp á vantaði. Fráviki er lokið.

gr. 5.2 í starfsleyfi:

Í mælingu ársins 2023, mældust gildi á ammóníum yfir viðmiðuarmörkum (mælt = 5,75 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) og nitrit (mælt = 2,53 mg/L, viðmiðunargildi = 0,5 mg/L) í grunnvatnsbrunni neðan urðunarstaðar (sjá umfjöllun í meginmáli skýrslunnar).

gr. 5.4 og 5.5 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal skila árlega ársyfirliti yfir skráningar innra eftirlits og niðurstöður vöktunar, ásamt umhverfisupplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði þeim þann 23. júní sl. fráviki er því lokað.

ANNAÐ

Með í eftirliti voru, auk fulltrúa rekstraraðila, Guðni Eðvarðsson starfsmaður urðunarstaðar Stefán Gíslason ráðgjafi rekstraraðila og Ása Hólmarsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

